

Íslenska vitafélagið

Skýrsla stjórnar 2015 Starfsárið 2014-2015

Helstu verkefni félagsins á liðnu starfsári voru:

Stjórnin hélt ellefu stjórnarfundi (2. júlí, 28. ágúst, 18. september, 26. september, 8. október, 17. október, 11. desember, 3. janúar, 20. janúar, 4. febrúar, 24. febrúar, 13. febrúar)

Strandmenningarhátíðin í Osló. Stærsta verkefni Vitafélagsins var þátttaka í Norrænu strandmenningarhátíðinni í Osló. Hátíðin var haldin dagana 17.-20. júlí 2014 í verkstjórn systurfélags Vitafélagsins Kysten, en þarna voru Norðmenn að slá margar flugur í einu höggi; halda uppá 700 ára afmæli Oslóborgar, 200 ára afmæli stjórnarskrárinnar, árlega hátíð Kystens og svo Norræna strandmenningarhátíðin. Á vegum Vitafélagsins fóru tuttugu manns sem tóku virkan þátt í hátíðinni. Húni II með 9 manna áhöfn sigldi út og tók þátt í hópsiglingu frá Kristjansand til Oslóar. Til móts við þá fór síðan fjögurra manna hljómsveit Snorra Guðvarðar, sem kom um borð í Sandefjord. Á leiðinni Sandefjord-Horten sigldi Húni af stað í broddi fylkingar með spilandi hljómsveitina um borð, stoppaði undir brúnni sem liggur yfir sundið frá Sandefjord og á meðan allur bátaflotinn sigldi hjá mátti heyra íslensk og norræn sjómanna-lög hljóma frá Húna. Hljómsveitin spilaði einnig í sameiginlegum kvöldverði siglingamanna í Horten og spilandi kom Húni II í höfn í Osló þar sem Vitafélagið hafði séð til þess að hann fengi besta hafnarplássið.

Bátasmiðirnir Birkir Þór Guðmundsson og sonur hans Guðmundur tóku einnig þátt í hátíðinni á vegum félagsins og sendu nýuppgerðan súðbyrðing sinn, Ríkeyju, með Húna. Arndís Jóhannsdóttir, söðlasmiður sýndi roðvinnslu landans fyrr og nú og Þorvaldur Friðriksson hélt fyrirlestur sem nefndist, Af hverju heitir norræni sjávarguðinn Ægir? Magnús Skúlason, Friðrik Friðriksson og Sigurbjörg Árnadóttir sáu síðan um að standa vaktina og kynna íslenska strandmenningu og svara spurningum forvitinna sýningargesta. Ekki eru til neinar tölur um fjölda sýningargesta en Norðmenn segja þá skipta hundruðum þúsunda og víst er að þarna fékk íslensk strandmenning verðuga athygli.

Fyrirlestrar og fræðsluerindi

HAFIÐ, FJARAN OG FÓLKIÐ - menningararfleifð, tækifæri og ógnir sjávarbyggða.

Aðalfundur félagsins var haldinn 17. maí í Grasrót lðngörðum á Akureyri. Sigurbjörg Árnadóttir var endurkosin sem formaður, en aðrir í stjórn voru kosin; Ásmundur Friðriksson, Garði, Friðrik Friðriksson, Hafnarfirði, Magnús Skúlason, Reykjavík og Sigrún Klara Hannesdóttir, Reykjavík. Í varastjórn; Kristján Sveinsson, Reykjavík, og Hilmar Sigvaldason, Akranesi. Vordagur félagsins var haldinn sama dag á sama stað í samvinnu við Strandmenningarfélag Akureyrar og Hollvinafélag Húna.

Fundarstjóri málfingsins var Hjalti Jóhannesson, landfræðingur og stjórnarmaður í Strandmenningarfélaginu. Sigurbjörg Árnadóttir kynnti Vitafélagið og norrænu hátíðirnar, Eiríkur Jónsson, formaður strandmenningarfélagsins kynnti félagið og starfsemi þess, Sigurður Bergsteinsson, fornleifafræðingur hélt erindi sem hann nefndi Strandmenning við Eyjafjörð-staða og stefna, Arnar Birgir Ólafsson,

landslagsarkitekt sagði frá skipulagsáætlun sem hann er nú að vinna fyrir bæinn um skipulag við ströndina og Linda María Ásgeirsdóttir, Hríseyingur talaði um „Lífið í sjávarplássi.“ Að lokum hélt Rósa María Húnadóttir erindi sem hún nefndi Darumur hins djarfa manns: frá sjómannaöldum til gúanórokks.

Að loknu málþingi var farið í vettvangskönnun um gamla slippinn, dráttarbrautin skoðuð og fl.

Spegill fortíðar – silfur framtíðar

Veturinn 2014-15 voru fræðslukvöld félagsins sex talsins. Yfirskrift dagskrár Vitafélagsins þetta árið voru sjóslys og viðbrögð við þeim. Tvö fyrstu kvöldin voru í Alliance-húsinu en síðan í Sjóminjasafninu í Reykjavík, ýmist á veitingastaðnum Víkinni eða á sjálfu safninu. Aðsókn var almennt mjög góð og erindin fróðleg og upplýsandi.

Eftirfarandi erindi voru flutt:

8. október 2014

1. Alliance-húsið. Viðgerðarsaga: Stefán Örn Stefánsson
2. Sagan af saltfiski, Alliance og hús: Helgi Þorláksson

5. nóvember 2014

Sjóslys við Suðurland: Þórður Tómasson, Skógum og Sigþór Sigurðsson, Litla Hvammi.

7. janúar 2015

1. Sjóslys við Ísland: Steinar J. Lúðvíksson
2. Brotið samfélag: Haukur Sigvaldason:

4. febrúar 2015

1. Friðþór Eydal: Sjóslys á stríðstímum
2. Helga Jónsdóttir las úr bók Sigrúnar Pálsdóttur. Friðgeir og Sigrún –ferðasaga.

4. mars 2015

Forvarnir gegn sjóslysum

1. Slysavarnarskóli sjómanna: Hilmar Snorrason
2. Slysavarnarfélag Íslands – Landsbjörg: Gunnar Tómasson

15. apríl 2015.

Samfélagsáhrif sjóslysa

1. Síðasta sjóferðin: Gísli Pálsson
2. Háski í hafi. Sjóslys við Ísland í byrjun 20. aldar: Illugi Jökulsson

Árlegan vordag var ætlunin að halda á Höfn í Hornafirði þann 5. maí en þegar til kom reyndist áhugi heimamanna hafa gufað upp og því er nú ákveðið að hann verði á Patreksfirði 16. maí.

Útgáfa og vefupplýsingar

Fréttabréf Vitafélagsins. Að venju gaf Vitafélagið gaf út tvö blöð af Fréttabréfinu á árinu 2014- 2015. Að þessu sinni er blaðið vel styrkt af Prentsmiðju Guðjóns Ó sem hefur prentað blaðið félaginu að kostnaðarlausu. Fyrra blaðið kom út að vori og með

Því fylgdi aðalfundarboð og reikningur fyrir árgjaldi. Síðara blaðið var gefið út að hausti og fylgdi því vetrardagskrá félagsins.

Félagið gaf einnig út kynningarbækling um sjálft sig á íslensku, sænsku og ensku og aftur var það Prentsmiðja Guðjóns Ó sem á sínum umhverfisvænu nótum prentaði og gaf félaginu.

Vefurinn

www.vitafelagid.com Eftir langa leit að kunnáttumanni um gerð á heimasíðum hefur félagið nú fengið heiðursmanninn Svein Ólafsson til að koma heimasíðunni viðunandi horf. Vonandi líður að því að sem flestir verði sáttir við útlit hennar og efni.

Facebook. Félagið eignast sífellt fleiri vini á Facebook en fjölgunin í félaginu er ekki alveg jafn ör þó svo að stöðugt bætist í hópinn.

Umsóknir um styrki til starfseminnar

Félagið sótti að venju um ótal styrki til starfseminnar enda fastatekjur af árgjaldi mjög takmarkaðar. Sótt var í samstarfssjóð Íslands og Noregs til að standa straum af kostnaði við hátíðina í Osló og einnig um ferðastyrk til Letterstedtska föreningen, í umhverfissjóð Pálma Jónssonar, til Íslandsstofu og ráðuneyta. Auk þessa voru send um fimmtíu bréf til fyrirtækja og stofnanna þar sem beðið var um stuðning til Noregsfarar. Fátt var um svör og krónur frá fyrirtækjum en peningar fengust frá ráðuneytum og norrænum sjóðum.

Garðskagaviti

Í samvinnu við Vegagerðina og Sveitarfélagið Garð sótti félagið um styrk til Húsafriðunarnefndar til að láta smíða ljóshús á gamla vitann á Garðskaga. Styrkur uppá 1,5 milljónir fékkst til verksins og verður hafist handa við smíði ljóshússins á næstu dögum. Magnús Skúlason hefur haft veg og vanda að þessum undirbúningi og er ætlunin að vitinn fái sitt ljóshús fyrir sumarið.

Formaður fór ásamt Kristjáni Sveinssyni á fund Sigurðar Áss Grétarssonar hjá Vegagerðinni sem nú hefur yfirumsjón með vitum landsins og kynntu honum starfsemi félagsins.

Ljósmaal – kvikmynd um vita

Félagið vinnur nú að heimildarmynd um vita landsins ásamt kvikmyndagerðarmönnum Einari Þór Gunnlaugssyni og Dúa Landmark. Kristján Sveinsson skrifar handrit en Sigurbjörg Árnadóttir er ráðgjafi verksins.

Handrit er tilbúið og stendur fjármögnun yfir en gert er ráð fyrir að Kvikmyndamiðstöð Íslands verði aðal styrktaraðilinn.

Norræna strandmenningarhátíðin 2015

Unnið er að fullu að undirbúningi hátíðarinnar sem að þessu sinni verður á Álandseyjum dagana 12-19 júlí. Árlega halda eyjaskeggjar strandmenningardaga undir heitinu „Álands sjöfartsdagar“ og nú bætist norræna strandmenningarhátíðin þarna við. Þema norræna hlutans er „kustkvinnan“. Ákveðið er að Arndís Jóhannsdóttir fari aftur og nú ásamt Helgu Mogensen. Báðar vinna þær með roð og Helga með rekavið að auki. Anna Karlsdóttir, landfræðingur mun verða fyrirlsari af

hálfu félagsins og síldarsöltunarfólk síldarminjasafnsins mun salta síld. Enn er óvíst hvaða kvikmynd félagið mun senda.

Norræna strandmenningarhátíðin 2016. Sigurbjörg hefur sótt fundi til Álandseyja og Færeya en þar verður hátíðin haldin 2016 og í Árósum verður hún 2017. Innan norræna netverksins Nordisk kustkultur er unnið að því að koma handverkinu við smíði súðbyrðing á lista UNESCO og haf Norðmenn tekið að sér að stjórna því verki og vinna alla undirbúningsvinnu. Félag þeirra Kysten sem er systurfélag Vitafélagsins, hefur fimm og hálf stöðugildi og því eiga þeir auðveldara en flest hinna félaganna með að bæta þessu á sína könnu. Stefnt er að því að senda öllum menningarráðherrum Norðurlanda og norrænu ráðherranefndinni áskorun um að vinna saman að þessu máli. Búið er að safna undirskriftum frá sjóminjasöfnum og bátasmiðum á Norðurlöndum og hefur félagið fengið söfn og tvo bátasmiði þá Jón Ragnar Daðason og Hafliða Aðalsteinsson til að skrifa undir af Íslands hálfu ásamt félaginu. Íslensku söfnin sem hingað til hafa sett nafn sitt á blaðið eru; Síldarminjasafn Íslands ses, Byggðasafn Vestfjarða, Menningarmiðstöð Þingeyinga á Húsavík og Tækniminjasafn Austurlands á Seyðisfirði. Sigurbjörg og Sigrún Klara Hannesdóttir, gjaldkeri félagsins áttu fund með Höskuldi Þórhallssyni formanni Norðurlandaráðs og kynntu honum starf félagsins og norræna netverksins- Nordisk kustkultur www.nordiskkustkultur.com

Það er ógerningur að hafa tölu á öllum þeim vinnustundum sem unnar hafa verið á vegum félagsins á liðnu ári bæði af stjórnarmönnum og öðrum. Allt er þetta gert í sjálfboðavinnu og svo er einnig með alla fyrirlestra sem haldnir hafa verið á vegum félagsins í gegnum tíðina, en þeir eru nú um eitthundarð talsins. Hundrað einstakar gjafir frá þeim sem þá hafa flutt. Það er ljóst á yfirgripsmiklum umfjöllunarefnum fræðslukvölda félagsins að auður við íslenska strönd er mikill, margþættur - en vannýttur. Fyrsta skref til breyta þessu til hins betra er „eðlilegt“ samtal og samstarf stjórnvalda og grasrótarinnar.

Sigurbjörg Árnadóttir, formaður